



Kirkjubæjarklaustri, 15. október 2015

Minnisblað til fjárlaganefndar alþingis

Skaftárhreppur

Skaftárhreppur er eitt landstærsta sveitarfélag landsins eða um 6800km² og þekur um 7% landsins. Íbúar eru um 460 talsins.

Rafmagn og fjarskipti í Skaftárhreppi

Skaftárhreppur fer fram á að sett verði fjármagn í að ljósleiðaravæða sveitarfélagið og samhliða verði lagt þriggja fasa rafmagn og flýtigjald vegna verkefnisins verði greitt af íslenska ríkinu.

Vegakerfið

Skaftárhreppur hefur verið í sveltum þegar kemur að vegaumbótum en vegagerðin á að þjónusta um 600 km. Gera þarf ráð fyrir meira fjármagni í vegaumbætur og stórbæta þarf vetrarþjónustu sér í lagi með tilliti til aukinnar umferðar ferðafólks allan ársins hring. Vegakerfið í Skaftártungu þarfnast mikils viðhalds m.a. í kjölfar síðasta Skaftárhlaups þar sem m.a. fóru vegir sem liggja að jörðum sem ekki er lengur í ábúð og eigendur hafa ekki burði til að endurbyggja á eigin vegum.

Ríkisjarðir

Skaftárhreppur fer fram á að ríkisjörðum í sveitarfélaginu verði komið í útleigu eða þær seldar. Þær verði þannig nytjaðar og sem flestar setnar. Einnig vill Skaftárhreppur eiga aðkomu að stefnumótun ríkisins vegna ríkisjarða.

Húsnæðismál

Skaftárhreppur fer fram á að unnið verði að fólki á landsbyggðinni, utan vaxtarsvæða, verði gert kleift að koma sér upp húsnæði í samræmi við byggingarkostnaði og lánaþyrirkomulagið taki mið af því en ekki fasteignamati eða markaðsvirði líkt og nú er.

Þekkingarsetur og gestastofa Vatnajökulsþjóðgarðs

Skaftárhreppur fer fram á að ríkið setji fjármagn í þekkingarsetur og unnið verði út frá þeim hugmyndum sem komu frá heimamönnum 2011. Uppbygging þekkingarseturs og gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs á Kirkjubæjarklaustri er mikilvægt fyrir atvinnuþróun og nýsköpun í sveitarfélaginu. Það styður við uppbyggingu verslunar og þjónustu á Kirkjubæjarklaustri.

Fjölgun hjúkrunarrýma á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum

Skaftárhreppur fer fram á að fjölgað verði hjúkrunarrýmum á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum. Rekstur heimilisins er mjög viðkvæmur og mikilvægt



að styrkja stoðir hans. Hvorki þarf að byggja húsnæði né fjölga starfsfólki svo hægt sé að sinna fleiri í hjúkrun.

Almannavarnir og samgöngur

Skaftárhreppur fer fram á að gert sé ráð fyrir að flugmálastjórn viðhaldi lendingarstöðum til að hægt sé að bregðast hratt við þegar náttúruhamfarir verða.

Skaftárhreppur fer fram á að aukið fjármagn verði sett í eflingu lögregluumdæmisins svo hægt sé að halda úti mannafla í lögreglu í takt við vaxandi ferðamannastraum og fjölgun erfiðra mála.

Starfshópur um málefni Skaftár

Frá 2010 samþykkti Umhverfisstofnunin að leggja 3 milljónir til 5 ára til starfshóps um málefni Skaftár. Starfshópurinn hefur það hlutverk að vinna að rannsóknum og úrlausnum á þeirri land- og gróðureyðingu sem framburður Skaftár hefur í för með sér, ásamt því að stuðla að rannsóknum á áhrifum einstakra vatnastýringaferla og stuðla þar með að mögulegum lausnum til þess að auka stöðuleika í rennsli lækja og linda undan Eldhrauni á Út-Síðu. Verkefninu er hvergi nærri lokið og í ljósi nýliðinna náttúruhamfara í kjölfar Skaftárhlaups fer Skaftárhreppur fram á að lagt verði áframhaldandi fjármagn til starfshópsins.

Náttúrustofa Suðausturlands

Skaftárhreppur fer fram á að Náttúrustofa Suðausturlands fái aukið fjármagn til að vinna að vöktun og rannsóknum á áhrifum jökulvatna í Skaftárhreppi sem mun nýtast starfshópi um málefni Skaftár í áframhaldandi vinnu. Mikilvægt er að í Skaftárhreppi sé sérfræðingur um málefni jökulvatna þar sem það er ein stærsta áskorun sveitarfélagsins í umhverfis- og náttúruverndarmálum.

Uppbygging á ferðamannastöðum

Skaftárhreppur fer fram á að ekki verði krafist mótframlags af hálfu sveitarfélagsins vegna uppbyggingar á ferðamannastöðum. Mikil aukning ferðamanna er í Skaftárhreppi sem leiðir af sér aukinn ágang á viðkvæmar náttúruperlur. Einnig þarf að gera ráð fyrir fjármagni vegna viðhalds og reksturs þeirra staða sem byggðir verða upp.

Sjálfsseignarstofnanir og félagasamtök

Í Skaftárhreppi eru sjálfsseignarstofnanirnar Katla jarðvangur og Kirkjubæjarstofa og hagsmunasamtökin Friður og frumkraftar sem reiða sig á fjármagn frá sveitarfélaginu til að sinna sínu. Þessar stofnanir sinna mjög mikilvægu hlutverki í sveitarfélaginu í tengslum við ferðaþjónustu, markaðssetningu, menningu og rannsóknir. Skaftárhreppur fer fram á að ríkið leggi föst fjárframlög í þessar stofnanir sem styrkja um leið stoðir sveitarfélagsins í heild sinni.

Með vinsemd og virðingu,
Sveitarstjórn Skaftárhrepps